



## Áfengi, vímuefni og meðganga

Strax og ljóst er að barn er í vændum ættu konur hvorki að neyta áfengis né annarra vímuefna. Ef það reynist konunni erfitt ætti hún strax að leita aðstoðar hjá lækni eða ljósmóður.

Áfengis- og/eða vímuefnaneysla móður getur skaðað fóstrið á hvaða tíma meðgöngunnar sem er.

### Lífnaðarhættir móður

Konur eiga að njóta meðgöngunnar sem best en mikilvægasta hlutverk verðandi foreldra er að stuðla að heilbrigði barnsins sem í vændum er. Lífnaðarhættir móður geta þarna skipt sköpum því barnið er hluti af henni. Allt sem hún borðar og drekkur fær barnið, einnig áfengi. Áfengi, sem móðirin drekkur, berst með blóðrás um fylgju og naflastreng til fóstursins.

### Barnið

Líffæri barnsins eru ekki nægilega þroskuð til að brjóta niður áfengið og það verður því fyrir meiri áhrifum áfengisins en móðirin. Barnið er í hættu alla meðgönguna en skaðinn er mismunandi eftir því á hvaða þroskastigi heilinn er.

Líffærin þroskast á mismunandi stigi meðgöngunnar og hvert þeirra um sig er viðkvæmast þegar það er í sem hröðustum vexti.

Vitað er að mikil áfengisneysla á meðgöngu getur skaðað barnið varanlega, t.d. komið fram sem fæðingargalli í andliti, höfuðið óeðlilega smátt og hjartagalli og vanskapaðir útlímir. Hætta er á fósturláti.

### Er í lagi að drekka bjór?

Enginn munur er á bjór, borðvíni eða sterku áfengi. Vínandinn í þeim öllum hefur sömu áhrif og getur skaðað barnið.

### Barn á brjósti

Einnig er best fyrir barn, sem er á brjósti, að móðirin takmarki áfengisneyslu verulega, hætti helst alveg, á meðan barnið er á brjósti.

Drekki móðirin áfengi fær barnið hluta þess með móðurmjólkinni og verður fyrir meiri áhrifum áfengisins en hún. Taugakerfi barnsins er ennþá í mótun og áfengið getur skaðað það.

Áfengisneysla hefur líka áhrif á mjólkurframleiðsluna - breytir lyktinni og bragðinu af móðurmjólkinni.

### Ólögleg vímuefni

Ólögleg vímuefni, s.s. kannabis, ecstasy, amfetamín og kókaín, geta valdið fósturláti, fylgjulosi og fyrirburafæðingu hjá barnshafandi konu. Að auki er hættu á að vitsmunapróska barnsins skerðist.